Nr. 31.
23.
október.

# Lög

um

## varnir gegn berklaveiki.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ákvæði laga þessara taka til allra sjúkdóma af berklaveikisuppruna, ef samfara er uppgangur eða útferð, sem ætla má að sýkingarhætta standi af fyrir aðra.

2. gr.

Hjeraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika sjúklinga, er leita læknishjálpar í hjeröðum þeirra, hvort sem þeir leita þeirra sjálfra eða annara löggiltra lækna. Hinir síðartöldu eru skyldir að senda hjeraðslækni skýrslu um hvern berklaveikan mann, er þeir veita læknishjálp.

Um hver áramót skulu hjeraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag bæði á henni og á skýrslum hjeraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er leita til þeirra, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim, hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

4. gr.

Ef berklaveikur maður deyr eða skiptir um heimili, þá skal húsráðandi tilkynna það hjeraðslækni eða sótthreinsunarmanni, sem skipaður er af hjeraðslækni, og skal hann annast, að sótthreinsuð sje tafarlaust á heimilinu, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, herbergi þau, er sjúklingurinn hefur dvalið í langvistum, svo og eptirlátin föt og sængurfatnaður sjúklingsins. Þessa muni má eigi senda í þvott eða aðgjörð, selja, gefa eða lána öðrum, fyr en þeir hafa verið sótthreinsaðir, og ekki má fá öðrum til íbúðar herbergi, sem berklaveikur maður hefur búið í, fyr en það hefur verið sótthreinsað.

Sje það of miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, getur hjeraðslæknir látið brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Foranstaltninger til Modarbejdelse af Tuberkulose.

**Nr. 31.**
23de
Oktober.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Under denne Lovs Bestemmelser indgaa alle Sygdomme af tuberkuløs Oprindelse, for saa vidt de ere forbundne med Ekspektorat eller Afsondringer, der kunne antages at medføre Fare for Sygdommens Udbredelse.

§ 2.

Distriktslægerne have at føre en Protokol over alle tuberkuløse Patienter, som søge Lægehjælp i deres Distrikt, være sig hos dem selv eller hos praktiserende Læger. De sidstnævnte ere pligtige til Distriktslægen at indgive Beretning om de Tilfælde, de faa under Behandling.

Ved hvert Aars Slutning indsende Distriktslægerne til Landfysikus Uddrag af den ovennævnte Protokol. Formen saavel for denne som for Distriktslægernes og de praktiserende Lægers Beretninger fastsættes af Landfysikus.

§ 3.

Lægerne ere pligtige at give de tuberkuløse Patienter, som søge deres Hjælp, Tilhold om og Vejledning til de nødvendige Forsigtighedsregler for at forebygge Sygdommens Overførelse til andre.

§ 4.

Naar nogen, der lider af Tuberkulose, dør eller forandrer Bopæl, skal Husbonden anmelde dette for Distriktslægen eller den af denne til at foretage Desinfektioner beskikkede Person, der ufortøvet har at foretage Desinfektion i det paagældende Hjem af de Rum, som af den syge have været benyttede til varigt Opholdssted, i det Omfang, som skønnes nødvendigt, saavel som af hans efterladte Seng- og Gangklæder. Disse Ting maa ikke før Desinfektionen sendes til Vask eller Reparation, sælges, bortgives eller udlaanes til andre, og de af den syge benyttede Opholdsrum maa ikke før Desinfektionen overlades nogen til Beboelse.

Hvor Desinfektion af rørlige Genstande skønnes at være forbunden med for store Ulemper, kunne de paagældende Genstande af Distriktslægen foranstaltes opbrændte eller paa anden Maade tilintetgjorte, mod at der ydes Ejerne Erstatning.

Nr. 31.
23. október.

5. gr.

Landshöfðingi setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og gólfræstingu í vinnustofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum (salon) farþegaskipa og opinberum byggingum, og skulu heilbrigðisnefndir hafa gát á því, að þessum reglum sje fylgt.

6. gr.

Kostnaður af sótthreinsunum og ónýtingu lausra muna samkvæmt 4. gr., svo og af að útvega bækur þær, er getur um í 2. gr., greiðist úr landssjóði.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 2 til 50 kr. og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1904.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 23. október 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

§ 5.

Landshøvdingen fastsætter i Samraad med Landfysikus Regler om Spyttebakker og Rensning af Gulve i Arbejdsstuer, Butikker, Hoteller, Passagerskibes Saloner og offentlige Bygninger Sundhedskommissionerne have at paase, at disse Regler efterleves.

§ 6.

Udgifterne ved de i § 4 omhandlede Desinfektioner og Tilintetgørelser af rørlige Genstande saavel som ved Anskaffelsen af de i § 2 omhandlede Protokoller afholdes af Landskassen.

§ 7.

Overtrædelser af denne Lov straffes med Bøder fra 2 til 50 Kr. og behandles som offentlige Politisager.

§ 8.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Juli 1904.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 23de Oktober 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 23de Oktober 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*